

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Skógargerði á Húsavík



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2024/3



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

Forsíðumynd: Staðið á gamla bæjarstæði Hóls og horft í vestur á Skógargerði.



©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2024/3

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	3
SAMANTEKT.....	15
HEIMILDASKRÁ.....	16

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu fyrir Húsavík vegna deiliskipulags, framkvæmdasvæðið er fyrir ofan bæinn þar sem bærinn Skógargærði stóð. Skráningin fór eftir uppmælingargögnum sem Norðurþing útvegaði. Fornleifaskráning hafði verið gerð af svæðinu árið 2002 en þarfnáðist uppfærslu út frá núverandi skráningarstöðlum. Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Vettvangsskráningin fór fram í lok júní og byrjun júlí 2024.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 3305.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngrípír eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur

annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁵

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvarðanir á.⁶

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Minjastofnunnar.

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Í undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum á map.is, örnefnaskrár, túnakort frá Þjóðskjalasafni Íslands, niðurhalsgögn og loftmyndir frá Landmælingum Íslands. Til var fornleifaskráning af svæðinu frá 2002 en var krafa um uppfærslu á þeirri skráningu út frá núverandi skráningar stöðlum og jafnframt að kanna hvort einhverjar fleiri minjar hefðu bæst við síðustu tvo áratugi. Það kom fljótlega í ljós að erfitt yrði að skrá svæðið vegna þess hver hluti af því var hulin trjágróðri og jafnframt var allur annar gróður á svæðinu þéttur og mikill. Var því að mestu notast við loftmyndir frá Landmælingum Íslands frá 1955. Á þeim var hægt að staðsetja mannvirki sem voru í eldri skráningu og í sumum tilfellum finna nýja minjastaði. Þegar öll þessi gögn höfðu verið skoðuð var farið í vettvangskonnnun þar sem framkvæmdasvæðið var skoðað. Minjar sem fundust á vettvangi voru mældar upp með trimble gps tæki, ljósmyndaðar og mældar. Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd sem Svarmi ehf gerði með Lidar skönnun en Verkís útbjó gögnin.

4. Fornleifaskráning

Fornleifanúmer: 3305-01

Hnit: A575595.8 N617160.6 ISN93

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í Sögu Húsavíkur segir: „Tunga. Íbúðarhús, ein hæð. Byggingarár talið 1930, eins og húsið er nú. ...Þarna var áður bærinn Áráði, sem hjónin Sigurbjörg Davíðsdóttir og Jakob Guðmundsson eru talin hafa byggt 1889. Jóhannes Guðjónsson, sonur Sigurbjargar af fyrra hjónabandi, gerir lóðarsamning við prestinn 1902. Árið 1908 flytjast þangað hjónin Baldína Hallgrímsdóttir og Jósep Kristjánsson austan úr Kelduhverfi og áttu þar heima langa ævi. Breytti Jósep strax nafni bæjarins úr Áráði í Tungu, enda mun hið fyrra hafa verið frá gárunugum runnið, sem gerðu sér dælt við Kobba Guðmundsson. ...Furðumargt fólk rúmaði Tungubærinn á stundum og sannaðist þar að þröngt mega sátir sitja.“⁷ Húsið er timburhús á einni hæð⁸ og stendur það ennþá. Það er staðsett um 35 m austan við húsið á lóðinni Fossvöllum 23.⁹ Í eldri fornleifaskráningu segir að bærinn hafi verið merktur inn á túnakort frá 1919 en hafi verið sýndur þar of austarlega.¹⁰

Fornleifanúmer: 3305-02

Hnit: A575656.6 N617172.2 ISN93

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í Sögu Húsavíkur segir: „Litlu ofar með ánni stóð Nýibær; hér mun að líkindum fyrst hafa verið byggt 1888. Hallur og Stefán Bjarnason endurbyggðu 1919.“¹¹ Nýibær hefur verið í

⁷ Karl Kristjánsson, 1981, bls. 175.

⁸ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 35.

⁹ HMS - Vefsja landeigna.

¹⁰ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 35.

¹¹ Karl Kristjánsson, 1981, bls. 179.

kringum 60 m austur af Tungu.¹² Ekki var hægt að sjá nein ummerki þar sem mikill og þéttur gróður var á svæðinu.

Fornleifanúmer: 3305-03

Hnit: A575663.9 N617131.2 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Á túnakorti var útihús um 35 m sunnan við Nýjabæ, á loftmyndum frá 1955¹³ er hægt að sjá útihús á þessum slóðum. Samkvæmt heimildarmanni þá voru þarna síðast hesthús, áður fjárhús/gripahús líklega nýtt af Nýjabæ eða Tungu.¹⁴ Líklega frá Nýjabæ þar sem þau eru inn á túnakorti Nýjabæjar. Heimildarmaður hafði heyrt að þarna hafi verið torfhús.¹⁵ Á staðnum er mikið um Lúpínu og ekki hægt að sjá nein ummerki á staðnum af mannvirkjum.

Fornleifanúmer: 3305-04

Hnit: A575609.1 N617089.7 ISN93

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Holt er merkt inn sem býli af túnakorti frá 1919,¹⁶ húsið er sýnilegt á loftmynd frá 1955¹⁷ og hefur verið staðsett um 20 norð-austur af garðskála sem stendur af útivistarsvæðinu. Ekki sáust nein ummerki um mannvirki í vel grónu umhverfi.

Fornleifanúmer: 3305-05

Hnit: A575640.5 N617145.3 ISN93

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Á loftmynd frá 1955 sést lítil bygging um 40 m suð-austur af húsinu Tungu, samkvæmt heimildarmanni þá man hann eftir litlum torfhlöðnum fjárhúsum frá Tungu.¹⁸ Svæðið er nú þakið trjám og ekki sáust nein ummerki um eldri mannvirki.

Fornleifanúmer: 3305-06

Hnit: A575681.8 N617012.5 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Niðurgroftur-hleðsla

Fast austan við slóðann sem liggur að Skógargerði um 130 m austur frá húsinu sem er á lóðinni Holtagerði 6 eru leifar af torfkofa sem er byggður inn í brekkuna. Kofinn er hruninn að miklu leyti og ekki auðvelt að mæla hann upp.¹⁹ Umfangið á honum er í kringum 4X3,8 m og hæð um 0,5 m í vestur þar sem inngangurinn er en um 1,5 m í austur þar sem brekkan er hæst. Veggjaleifar voru mjög óljósar þar sem kofinn virtist vera grafinn inn í brekkuna. Það var helst hægt að greina þær í vestur þar sem inngangurinn var og breiddin á þeim þar var 0,7-1 m. Töluvert af rusli er við og í tóft og stendur stór járnstöng upp úr henni.

¹² Landmælingar Íslands - Loftmyndasafn 1955.

¹³ Landmælingar Íslands - Loftmyndasafn 1955.

¹⁴ Halldór Valdemarsson, munnleg heimild.

¹⁵ Halldór Valdemarsson, munnleg heimild.

¹⁶ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, bls. 36.

¹⁷ Landmælingar Íslands - Loftmyndasafn 1955.

¹⁸ Halldór Valdemarsson, munnleg heimild.

¹⁹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, bls. 35.



Mynd 1. Kofatóft grafinn í brekku, mynd er tekin í austur.

Fornleifanúmer: 3305-07

Hnit: A575697.8 N616984.4 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóftir

Í kringum 10 m austan við slóðann að Skógargerði, um 130 m austan við húsið á lóðinni Holtagerði 10 eru tóftir. Tóftin er tvískipt með útganga í vestur, umfang hennar er um 7X6,5 m en suður endi hennar var hulin trjám og því ekki hægt að mæla hann upp. Hæð hleðsla var 06,-1,1 m hæst í austur þar sem hún liggur upp við brekkuna. Í eldri skráningu er sagt frá því að samkvæmt túnakorti frá 1919 þá hafi verið býli á svipuðum slóðum. Þar er einnig tekið fram að þessar tóftir líkist fremur útihúsi en býli.²⁰ Samkvæmt túnakortinu hefði býlið líklega átt að vera nokkuð austar en engin ummerki eru um það á eldri loftmyndum eða í öðrum heimildum. Í dag er stór hlut af svæðinu hulin trjágróðri og því litlar líkur á að finna frekari mannvirki þar.



Mynd 2. Tvískipt tóft, tré breiða sig yfir suður hlið hennar, mynd er tekin í suð-vestur.

²⁰ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, bls. 35.

Fornleifanúmer: 3305-08

Hnit: A575986.0 N617089.8 ISN93

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá segir: „Ásgarður er býli í norðvestur frá (Hvammi) Hóli, upp af því er Kofamelur, allstór hól. Sunnan í Kofamel gengur Vopnalág, en neðar stendur býlið Hóll.“²¹ Í Sögu Húsavíkur er Hóll er sagður hafa verið byggður 1898.²² Þegar eldri fornleifaskráning var gerð þá stóð húsið ennþá.²³ Á loftmyndum frá Loftmyndum ehf. á Map.is þá er húsið sýnilegt á loftmynd frá 2009 en er horfið árið 2012.²⁴ Við vettvangsrannsókn var ekki hægt að sjá nein ummerki um húsið en miklar framkvæmdir hafa átt sér stað á staðnum í formi jarðvegsflutninga inn á svæðið.

Fornleifanúmer: 3305-09

Hnit: A575937.9 N617109.4 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Í kringum 45 m norður af gamla bæjarstæðinu á Hóli nr. 3305-08 er garðlag sem liggur skammt fyrir neðan heimreiðina að Hóli í suð-vestur og fjarar út skammt frá Búðará. Garðlagið er um 37 m á lengd, 0,4-0,7 m á hæð og breidd um 1,8-2 m. Norður hliðin á garðlaginu er við brekkubrún svo á köflum virtist þetta vera brekkubrúnin frekar en garðlag. Garðlagið er hins vegar nokkuð skýrt á loftmyndum og suðurhliðin sést víða þegar gengið er eftir því.



Mynd 3. Garðlag skammt frá Hóli, mynd er tekin í suð-vestur.

²¹ Örnefnaskrá Húsavíkur og Bakkalands, bls. 10.

²² Karl Krisjánsson, 1981, bls. 189.

²³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, bls. 45.

²⁴ Loftmyndir ehf - MAP.IS.

Fornleifanúmer: 3305-10

Hnit: A575937.7 N617066.6 ISN93

Hlutverk: Sundlaug

Tegund: Heimild

Í Sögu Húsavíkur II bindi segir: „Hrossalaut heitir dokk í Skógergerðisholti austan við akvegin og nær hún niður að Skóargerðishólma í Búðará. Árkvíslin suðvestan við hólmann rennur þar ekki lengur en farvegurinn sést greinilega. Í hólmann var gerður sundpollur árið 1897.“²⁵ Í Örnefnavefsjá Landmælinga Íslands hefur sundpollur verið afmarkaður í Búðará vestur af þar sem bærinn Hóll nr. 3305-08 stóð.²⁶ Engin ummerki um mannvirki sáust á staðnum.

Fornleifanúmer: 3305-11

Hnit: A575813.8 N616855.0 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Í Örnefnaskrá segir: „Austan við Skógargerði er Skógargerðisholt.“²⁷ Í Skógargerðisholti er lítið afgirt tún. Vestan til þar sem girðingin er eru leifar af túngarði og er hann mjög greinilegur á öllum loftmyndum frá 1955. Garðurinn liggur í sveig eftir túninu og er greinilegur á um 126 m kafla. Hæð garðsins er um 0,3-0,8 m og breidd um 1-1,1 m.



Mynd 4. Túngarður þar sem girðing stendur upp úr, mynd er tekin í suður.

Fornleifanúmer: 3305-12

Hnit: A575690.3 N616945.7 ISN93

Hlutverk: Gerði

Tegund: Garðlag

Í kringum 14 m vestur af tóft nr. 3305-07 fast fyrir neðan göngustíginn að Skógargerði eru leifar af gerði. Það eru einungis norður og suður hlutarnir sem eru sýnilegir en í vestur er Skógargerðislækur og í austur göngustígurinn sem liggur í gegnum Skógargerði. Samkvæmt loftmyndum hefur gerðið verið um 21X41 m. Garðlögin eru um 0,4-0,6 m á hæð og breidd um 0,7-1,4 m og virðist fjara út við lækinn. Norður hlutinn af gerðinu er að mestu hulin trjám í dag, það var aðeins smá bútur neðst sem var sýnilegur en suður hlutinn var mestu sýnilegur.

²⁵ Björn og Sæmundur, 1998, bls. 20.

²⁶ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

²⁷ Örnefnaskrá Húsavíkur og Bakkalands, bls. 4.

Gerðið var mælt með gps tæki þar sem það var hægt vegna trjágróðurs en annars kortlagt eftir loftmynd frá 1998.



Mynd 5. Leifar af gerði, mynd er tekin í suð-vestur.

Fornleifanúmer: 3305-13

Hnit: A575712.2 N616943.1 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Í kringum 17 m austur af suðurhluta af gerði nr. 3305-12 var tóft skammt fyrir ofan göngustíginn að Skógargerði. Erfitt reyndist að mæla upp tóftina þar sem norður hluti hennar var hulin trjám. Hún virtist vera hringlaga að lögun og umfang hennar um 7X6,5 m, hæð hleðsla 0,2-0,7 m og breidd 0,5-0,8 m. Ekki var hægt að greina op á henni.



Mynd 6. Tóftarleifar huldar gróðri, mynd er tekin í suð-austur.

Fornleifanúmer: 3305-14

Hnit: A575731.0 N616940.3 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Á hæð í kringum 25 m norður af gamla bæjarstæðinu á Skógargerði nr. 3305-17 er lítil tóft. Lögun hennar virðist vera hringlaga um 3,7X3,8 m og með útgang í suð-vestur. Hæð veggja var 0,2-0,5 m og breidd 0,4-1 m. Tóftin var vel falin í háu grasi og erfitt reyndist að kortleggja hana vegna mikils gróðurs.



Mynd 7. Lítil tóft upp á hól, mynd er tekin í norður.

Fornleifanúmer: 3305-15

Hnit: A575708.3 N616911.6 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Í kringum 25 m vestur af bæjarstæðinu á Skógargerði nr. 3305-17 er vel gróin hæð. Á loftmynd frá 1955 virðist vera einhvers konar mannvirkjaleifar á staðnum. Á hæðinni var tóft um 5,8X8 m með útgang á suð-vestur horni. Hæð hleðsla var um 0,1-0,3 m og breidd veggja um 1,2-1,4 m. Tóftin var á kafi í grasi og hefði líklega ekki fundist nema út frá ummerkjum á loftmyndinni.



Mynd 8. Tóft upp á hól þakin gróðri, mynd er tekin í suð-vestur.

Fornleifanúmer: 3305-16

Hnit: A575761.1 N616919.5 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Í kringum 25 m austan við bæjarstæðið á Skógargerði nr. 3305-17 má sjá leifar af túngarði. Garðurinn var um 0,5-1 m á hæð og breidd um 1,3-1,5 m. Hann er vel greinilegur rétt ofan við bæjarstæðið annarsstaðar er hann algjörlega hulin trjágróðri. Hann virðist liggja í sveig norð-vestur og hverfur svo aðeins ofan við göngustíginn að Skógargerði. Þar virðist hann vera í sömu stefnu og suður hluti af gerði nr. 3305-12. Garðurinn var kortlagður að hluta með gps tæki og að hluta með loftmynd frá 1998 og samkvæmt því virðist hann hafa verið um 81 m.



Mynd 9. Túngarður umhverfis tún í Skógargerði, mynd er tekin í norð-austur.

Fornleifanúmer: 3305-17

Hnit: A575733.6 N616912.2 ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Í Örnefnaskrá segir: „Vilpa var hjáleiga upp með Búðará að vestan, eins og mitt milli fjalls og fjöru. Sunnar og ofar stóð Skógargerði og Helgugerði í vestur frá því.“²⁸

Í eldri skýrslu segir frá því að Skógargerðisbærinn hafi verið jafnaður við jörðu. Enginn greinilegur bæjarhóll hafi verið en bæjarstæðið hafi verið vel sjáanlegt vegna dælda á staðnum.²⁹ Í dag er allt þakið gróðri og erfitt að greina nokkuð nema túngarðinn nr. 3305-16, á loftmynd frá 1955 má greina að minnsta kosti þrjú hús í röð á bæjarstæðinu.³⁰ Á loftmynd frá 1998 eru svo allar byggingarnar horfnar.³¹

Fornleifanúmer: 3305-18

Hnit: A575767.7 N616909.1 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Við túngarðinn nr. 3305-16 um 25 m norður af tóft nr. 3305-20 var tóft á nokkurn vegin á sama stað og merkt er útihús á túnakortinu frá 1919. Tóftin virðist vera hringlaga um 3,6X3,3 m, ekki var hægt að greina útgang á henni. Hæð hleðsla var 0,1-0,4 m og breidd um 0,6-0,8 m.



Mynd 10. Tóftarleifar af útihúsi, mynd er tekin í suð-vestur.

Fornleifanúmer: 3305-19

Hnit: A575755.6 N616896.5 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Í kringum 18 m norð-vestur af tóft nr. 3305-20 var tóft sem einnig var skráð í eldri fornleifaskráningu. Þar var hún sögð vera um 10X8 m að stærð með útgang í norður og með minna rými í suður hluta.³² Við vettvangskönnun voru mjög greinilegar leifar af vesturvegg

²⁸ Örnefnaskrá Húsavíkur og Bakkalands, bls. 4.

²⁹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, bls. 61.

³⁰ Landmælingar Íslands - Loftmyndasafn 1955.

³¹ Loftmyndir ehf - MAP.IS.

³² Elín Ósk Hreiðarsdóttir, bls. 61.

sem var um 8 m langur og hluti af suðurvegg sem hverfur svo undir grenitré. Ekki var hægt að greina austurvegg og einnig virtist vera opið inn í litla rýmið sem var á suðurhlutanum á tóftinni. Í eldri teikningu af tóft í fornleifaskráningu frá 2002 var rýmið lokað.³³Líklega er búið að raska hluta af tóftinni. Hæð uppistandandi veggja var um 0,7-0,9 m og breidd um 0,9-1 m.



Mynd 11. Tóft af útihúsi, mynd er tekin í suð-vestur.

Fornleifanúmer: 3305-20

Hnit: A575773.7 N616882.2 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Í kringum 40 m suð-austur af bæjarstæðinu var tóft, þrátt fyrir að tóftin sé mjög greinileg og veggir háir þá er hún að hverfa í trjágróðri. Tóftin er um 11X7 m, ekki var hægt að mæla nákvæmlega suður hlið þar sem hún var algjörlega hulin trjám og var því notast við loftmynd við að kortleggja hana þar. Jafnframt gekk mjög erfiðlega að mæla norður hliðina af sömu ástæðu. Hæð veggja var um 0,5-1,6 m hæst í austur og breidd 0,6-1,4 m útgangur var í vestur.

³³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, bls. 61.



Mynd 12. Leifar af útihúsi hulið trjágróðri, mynd er tekin í vestur.


Fornleifanúmer: 3305-21

Hnit: A575777.9 N616854.8 ISN93

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakortinu þá var matjurtagarður um 30 m suður af tóft nr. 3305-19 á svipuðum slóðum og tóft nr. 3305-20 eða fast sunnan við hana. Ekki var hægt að sjá nein ummerki á staðnum en trjágróður hylur svæðið í dag.



- Afmörkun deiliskipulagssvæðis
- Fornleifar
- Heimildir um fornleifar af túnakorti
- Heimildir um fornleifar

nafn:	HÚSAVÍK - SKÓGARGERÐI	teikn.	02.09.2024 hj	Skýringar: Fornleifar og heimildir um fornleifar innan afmarkaðs deiliskipulagssvæðis á Húsavík.	 BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
	NORÐURÞING	mælikv.	1:3500 í A4		gps mæl. / Lidar skönnun Unnið eftir mynd nr. frá Svarmi ehf og Verkís

5. Samantekt

Afmörkun á deiliskipulagsins nær yfir Skógargerði og nærumhverfi þess. Það kom í ljós mjög snemma í ferlinu að erfitt væri að finna mannvistarleifar þar sem trjágróður og lúpína hafa yfirtekið stóran hluta af svæðinu. Allur annar gróður er einnig mjög mikill og þéttur sem urðu þess valdandi að vettvangskönnun var mjög erfið á svæðinu. GPS staðsetningar úr eldri skýrslu voru jafnframt nokkuð ónákvæmar og oft töluvert frá raunverulegum staðsetningum á minjastöðunum. Þurfti því að notast við lýsingar úr eldri skýrslu til þess að staðsetja minjarnar. Til þess að reyna að finna fleiri minjastaði þá var notast mikið við loftmyndir frá Landmælingum Íslands frá 1955. Nokkrir minjastaðir fundust á þeim til viðbótar sem hefðu líklega aldrei annars fundist við vettvangskönnun. Á loftmyndunum frá 1955 voru þó nokkur mannvirki sem eru horfin í dag. Reynt var eftir bestu getu að komast að hvað af þessum mannvirkjum gætu talist til fornleifa út frá 100 ára reglunni. Í því ferli var aðallega notast við heimildarmenn, skriflegar heimildir og loftmyndir.

Í þessu verkefni var 21 minjastaður skráður og af þeim höfðu 5 ekki verið skráðir í eldri skýrslu. Níu staðir voru einungis skráðir sem heimildir. Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að þeir séu ekki sýnilegir þá geta alltaf verið leifar af þeim undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Jafnframt geta leynst fleiri minjar á svæðinu sem ekki fundust í þessari skráningu vegna mikils gróðurfars. Í þeim tilfellum verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 02 september 2024
Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Björn Helgi Jónsson og Sæmdundur Rögnvaldsson, ritstjórar og höfundar. (1998). Saga Húsavíkur II Bindi. Útgefandi Húsavíkurkaupstaður.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2002). Fornleifaskráning á Húsavík. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða HMS, Landeignaskrá. Sótt af <https://landeignaskra.hms.is/> Skoðaða 07.07.2024.

Heimasíða HMS, vefuppfletti fasteignarskrár. Sótt af <https://vefuppfletti.fasteignaskra.is/leit>. Skoðað 07.07.2024.

Karl Kristjánsson, aðalhöfundur og safnari. (1981). Saga Húsavíkur I Bindi. Útgefandi Húsavíkurkaupstaður.

Landmælingar Íslands. Loftmyndasafn. Svæði nr:72 - Húsavík. Tökudagur: 1955-08-04. Sótt af <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn> Skoðað 07.07.2024.

Landmælingar Íslands. Loftmyndasjá. Sótt af <https://atlas.lmi.is/mapview/?application=loftmyndasja> Skoðað 07.07.2024.

Landmælingar Íslands – Örnefnasjá. Sótt af <https://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ornefnasja>. Skoðað 07.07.2024

Loftmyndir ehf - MAP.IS Sótt af <https://www.map.is/base/@575882,617065,z12,0#> Skoðað 07.07.2024

Heimildarmenn:

Gaukur Hjartarsson, 1965, Hágerði 7, Húsavík.

Halldór Valdemarsson, 1950, Garðarsbraut 37, Húsavík.

Túnakort:

Uppdráttur af Tünun í Húsavíkur þorpi í Húsavíkurhreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Nr. 3 og 4. Akureyri Prentsmiðja Odds Björnssonar. 1919.

Örnefnaskrár:

Húsavík og Bakkaland. Húsavík. Suður-Pingeyjarsýsla. Sr. Björn H. Jónsson endursamdi skrá Ara Gíslasonar. Samlesið J.H. Örnefnastofnun.